



Kveðja
Guðna Th. Jóhannessonar
forseta Íslands

19. mars 2020

Kæru landar,
kæru íbúar á dvalar- og hjúkrunarheimilum um land allt:

Fyrir hönd okkar hjóna sendi ég ykkur hlýjar kveðjur. Við þurfum nú að þrauka erfiða tíma, við þurfum nú að sýna hvað í okkur býr. En saman mun okkur takast að vinna bug á veirunni skæðu sem nú geisar. Saman munum við líta glaðari daga.

Já, nú stöndum við saman og það höfum við áður gert, það vitið þið vel. Við búum í harðbýlu landi, höfum glímt við sóttir og skort, náttúruhamfarir og önnur áföll. Við höfum haft betur í þeirri baráttu, höfum fetað saman heillabraut. Alltaf má gera betur – alltaf verður að gera betur – en framfarir okkar byggðu þá og byggjast enn á samstöðu um grundvallarþætti, samfélag frelsis og samkenndar, réttinda og velferðar. „Vér heilsum glaðar framtíðinni, þar sem karlar og konur vinna í bróðerni saman að öllum landsmálum.“ Þetta sagði kvenskörungurinn Bríet Bjarnhéðinsdóttir fyrir rúmum hundrað árum, þegar birta tók af degi í sögu okkar Íslendinga, þrátt fyrir ýmsan vanda og mótlæti.

Kæru vinir: Við sem yngri erum stöndum í þakkarskuld við eldri kynslóðir þessa lands, fólkið sem byggði upp samfélagið okkar. Við stöndum í þakkarskuld við ykkur, og vegni ykkur öllum vel. Ég þakka einnig öllu starfsfólki hjúkrunar- og dvalarheimila landsins, einvaliði sem mæðir á um þessar mundir eins og við vitum svo sannarlega og virðum. Þá þakka ég sérstaklega því góða fólki sem sinnir um heimahjúkrun og öldruðu fólki sem býr í heimahúsum en nýtur þar þjónustu.

„Láttu þakklætið koma niður, þar sem það á heima“ skrifaði Gunnar Gunnarsson í einu verka sinna. Það á heldur betur við þessa daga. En látum einurð og þor líka ráða för nú þegar mest á reynir – og ekki síst von því að við munum áfram heilsa framtíðinni. Senn kemur vorið og lóan er þegar komin. Já, lífið heldur áfram. Við Eliza sendum ykkur öllum okkar bestu óskir og kveðjur.